



Endurheimt skóga með Reforest Iceland

Skógrækt í samstarfi við landeigendur

Hvað er Reforest Iceland?

Reforest Iceland er svissneskt fyrirtæki sem gróðursetur og annast nýjan skóg á landi í eigu íslenskra landeigenda. Við berum kostnað af undirbúningi, gróðursetningu, umhirðu og vöktun í samstarfi við landeiganda. Landeigandi heldur ávallt eignarhaldi á jörð sinni.

Skógurinn skapar kolefnisbindingu og önnur umhverfisverðmæti, t.d. bættan fjölbreytileika dýra- og plöntulífs. Þessum verðmætum miðlum við til fyrirtækja, íslenskra sem annarra, sem vilja leggja sitt af mörkum í loftslags- og umhverfismálum. Hluti teknanna rennur til landeigandans. Öll gróðursetning er skjalfest og vöktuð eftir viðurkenndum aðferðum.

Ólafur og móðir hans, Helga, í skóginum á Mælifellsá í júlí 2026



Rætur í íslenskri skógrækt

Ólafur Margeirsson, hagfræðingur og annar stofnenda Reforest Iceland, ólst upp á Mælifellsá í Skagafirði. Þar gróðursetti hann sín fyrstu tré sem unglíngur. Fjölskyldan stundar þar skógrækt enn þann dag í dag. Sum trjáanna sem gróðursett voru fyrir aldarfjórðungi eru nú komin í grisjun.

Þessi langtímasýn, að planta í dag og hugsa til áratuga fram í tímann, er kjarninn í því hvernig við vinnum.

Áhersla á innlendar tegundir

Við leggjum áherslu á innlendar tegundir: birki, reynivið, blæösp og víðitegundir. Þar sem aðstæður leyfa og í samráði við landeiganda og skógfræðing má einnig nota aðrar tegundir. Tegundaval ræðst ávallt af aðstæðum á hverri spildu og markmiðum samstarfsins.

Hverjum hentar samstarf?

Samstarf getur hentað ólíkum landeigendum, til dæmis:

- Bændum sem nýta ekki allt land sitt, ekki síst spildur sem þegar eru girtar að hluta eða að öllu leyti.
- Landeigendum í ferðaþjónustu sem geta tekið á móti gestum, þar sem skógur og heimsóknir samstarfsfyrirtækja geta stutt við starfsemina.
- Landeigendum sem vilja skapa nýjan tekjustofn af landi sem annars liggur ónotað eða illa nýtt.

- Bændum sem hyggjast draga úr búfjárhaldi og vilja finna landinu nýjan tilgang.
- Landeigendum sem skipuleggja eða selja hluta lands undir frístundabyggð og vilja rækta skóg á þeim hluta sem eftir stendur. Skógur eykur einnig skjól og virði nærliggjandi byggðar.
- Landeigendum sem eiga skóg fyrir og vilja stækka hann. Slíkt getur hentað tilteknum tegundum samstarfs og við metum hvað á við hverju sinni.
- Öðrum landeigendum sem hafa áhuga á skógrækt í samstarfi.

Hvað felst í samstarfinu?

Fyrir landeigandann:

- **Þú heldur eignarhaldi á landinu og trjánum.** Reforest Iceland eða aðrir aðilar eignast hvorki land né tré.
- **Enginn kostnaður fyrir þig.** Við berum kostnað af gróðursetningu, umhirðu og vöktun í samstarfi við þig.
- **Hlutdeild í tekjum.** Þú færð hlutdeild í tekjum verkefnisins af landinu. Hversu mikið og hvenær fer m.a. eftir landstærð, gæðum girðinga og þínu eigin valkvæða vinnuframlagi.
- **Landbætur.** Aukið skjól, gróður og vörn gegn jarðvegsrofi.
- **Gagnsæi.** Framvinda er skjalfest og vöktuð með reglubundnum hætti.

Gott að hafa í huga:

- Um er að ræða langtímasamstarf. Samningar eru gerðir til langs tíma, um 50 ár, í takt við líftíma skógarins.
- Beit þarf að útiloka á gróðursettu landi fyrstu 15-20 árin, og því getur girt eða girðanlegt land hentað vel.
- Hver spilda er metin sérstaklega með tilliti til aðstæðna og hvers konar samstarf á best við.

Rjúpur að vori í skóginum á Mælifellsá, maí 2026



Stærð lands

Kjörstærð er um 20–95 hektarar. Stærri svæði koma einnig til greina sem og minni (allt niður í 5 hektara).

Næstu skref

Fyrsta skrefið er einfalt samtal, án nokkurra skuldbindinga, um hvort samstarf gæti átt við þitt land. Ef áhugi er fyrir hendi má í framhaldinu kanna málið nánar og síðar skrifa undir samning ef grundvöllur er fyrir slíku.

Hafðu samband

Ólafur Margeirsson

Hagfræðingur og framkvæmdastjóri Reforest Iceland

+41 79 815 36 88, olafur@reforesticeland.com